

## Vífilsfell

Eitt þeirra fjalla, sem blasa við augum manna héðan frá höfuðborginni er Vífilsfellið. Það er ekki stórfenglegt til að sjá, en þegar nær er komið breytir það um svip og ýtir undir þá löngun að ganga þar á efsta tind. Og í dag skulum við framkvæma það verk.

Hægt er að ganga á fjallið frá öllum áttum en stysta leiðin er úr skarðinu í mynni Jósefsdals og þar skulum við hefja gönguna. Frá Litlu kaffistofunni, sem er á mótum hins gamla og nýja vegar yfir Svínahraunið ökum við afleggjarann, sem liggur inn í Jósefsdal. Við ökum um Sauðadali, meðfram Draugahlíðum og Þórisshamri og brátt erum við komin í skarðið, en það er suðaustan undir Vífilsfelli, milli þess og Sauðadalahnúka. Hér skulum við skilja bílinn eftir og hefja gönguna. Framundan er brött skriða þakin lausum jarðvegi. Best er að velja leiðina milli tveggja grunnra vatnsrása, sem liggja þar niður ofan frá brún, eða ganga eftir annarri hvorri rásinni, því þar er fastara undir fæti. Þegar komið er upp á brúnina fyrir ofan, tekur við sléttur melur. Hann er kærkominn, því brekkan en erfið og hefur komið mörgum hraustum kappanum til að blása og svitna örlítið.

Við hvílum okkur nokkra stund á brúninni og litumst um, því landslagið hefur breytt um svip og útsýnið aukist að miklum mun. Síðan tekur við annar áfangi. Handan melsins rís móbergsklettur allbrattur, sem fer lækkandi til austurs. Okkur finnst hann óárennilegur í fyrstu, en tökum samt stefnuna á hann og fikrum okkur upp eftir honum. Er á reynir er hann auðveldari viðfangs en okkur sýndist. Þegar efstu brún klettsins er náð, blasir við útsýnið yfir Bláfjöllin og út á Flóann. En ekki höfum við enn náð efsta tind. Einn stallur er eftir og sá brattasti. Sumir þurfa smáaðstoð við að sigra hann, en flestir “hlaupa” upp án nokkurrar aðstoðar. Þegar hann er að baki er “hæsta tindi náð” og ekkert annað eftir en “rifja upp og reyna að muna, fjallanöfnin, náttúruna” (Tómas Guðmundsson), með aðstoð útsýnisskífunnar, sem Ferðafélag Íslands kom hér upp árið 1940.

Meðan við dveljum hjá skífunni fremst á fjallinu tökum við upp nestisbitann og njótum stundarinnar. Þá er tækifæri að minnast á söguna góðu um Vífil. Þjóðsagan segir að eftir að Ingólfur Arnarson hafði sest að í Reykjavík gaf hann Vífli þraeli sínum frelsi og bústað, sem nefndur var Vífilsstaðir. Á Álftanesi er bærinn Sviðsholt. Þar bjó Sviði. Þeir félagar voru vinir og sóttu sjóinn fast, segir sagan. Síðan segir: “Langt fyrir ofan Vífilsstaði er fell eitt, sem Vífilsfell heitir. Þó það sé snöggt um lengri vegur upp að felli þessu frá Vífilsstöðum, en til sjávar, gekk Vífill allt um það á hverjum morgni upp á fellið til að gá til veðurs, áður en hann fór að róa, og reri ekki, ef hann sá nokkra skýskán á lofti af fellinu, og tók því fellið nafn af honum. En ef honum leist róðrarlega á loftslag gekk hann til skips og reri með Sviða”.

Og nú stöndum við á sömu steinunum og Vífill forðum, hér uppi á fellinu, ef marka skal sannleiksgildi sögunnar. En tæplega myndu margir á okkar öld geta leikið það eftir honum, að skjótast þessa leið frá Vífilsstöðum fram og aftur, áður en hann ýtti bátnum frá landi.

En nú skulum við huga að heimferð. Sjálfsagt er að leggja smálykkju á leiðina og skjótast niður í Jósefsdalinn. Þá förum við til hægri, þegar komið er niðurfyrir klettabeltið, og göngum vestur brúnirnar. Auðvelt er að komast þaðan ofan í dalinn hvar sem er, en skemmtilegast er þó að ganga vestur fyrir dalbotninn og niður Bláfjallagilið, síðan út dalinn, sem er mjög sumarlagur, rennsléttur í botninn, en háir, brattir hnúkar á alla vegu.

Fyrrum var fjölfarin leið um Jósefsdal. Var þá komið inn í dalinn þar sem vegurinn liggur nú, en haldið áfram utan í Sauðadalahnúk og upp í annað skarð, sem er milli hans og..... Heitir þetta skarð Ólafsskarð. Það er kennt við Ólaf Skálholtsbryta samkvæmt þjóðsögu skráðri í safni Jóns Árnasonar (sú saga er sögð í kaflanum um Lyklafell). Önnur sögn segir, að fyrrum hafi verið býli í dalnum. Hét bóndinn Jósef. Hann var góður smiður, en forsmáði guð svo með blóti og formælingum að bærinn sökk með manni og mús. Eftir það lagðist byggð af í dalnum og var ekki byggður bær þar síðan. Önnur sögn greinir frá því, að tröll hafi átt heima í dalnum á tímabili.

Þessi álög hafa samt ekki hvílt lengi yfir dalnum, því í nokkra áratugi átti skíðadeild Ármanns heimili sitt í dalnum. Þeir byggðu þar myndarlegan skála og æfðu skíðaíþróttina af kappi og héldu mörg mót. En svo var ekki grundvöllur fyrir áframhaldi og mannvirkin öll rifin og starfsemin flutt í Bláfjöll, þar sem hún er nú.

Við göngum austur úr dalnum, fram hjá Grettistaki, stórum steini við veginn og upp í skarðið. Þar bíður bíllinn okkar.

(Mbl. 30. ágúst 1979)